



Skólaráðsfundur 3. desember 2025

Fundinn sátu: Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Kristján Bjarni Halldórsson og Hallfríður Sverrisdóttir, sem ritaði fundargerð. Fulltrúi nemenda: Björgvin Orri varaformaður í 10. bekk.

Skólastjóri fór yfir það sem helst hefur verið á döfinni í skólastarfinu að undanfögnu. Nemendur í skólanum eru núna 393.

- Í tengslum við breytingar á aðalnámskrá hefur á undanfögnu mánuðum verið unnið að endurskoðun hæfniviðmiða og matsviðmiða í flestum námsgreinum.
- Stjórnendur hafa sett fræðslufundi um Matsferil og í janúar verða ný stöðu- og framvindupróf kynnt stjórnendum og kennurum. Í framhaldi af því verða kynningar fyrir nemendur og foreldra.

Helstu viðburðir að undanfögnu:

- Árshátíðir á mið- og unglingastigi sem voru í nóvember gengu mjög vel og voru 11 sýningar.
- Nemendur unglingastigs sóttu Starfameessu í FNV í nóvember, sem var vel heppnuð.
- Friðarganga skólans var sl. föstudag og gekk vel. Hálsa á gönguleiðinni var þó til nokkurra vandræða og hefði verið betra ef búið hefði verið að sanda leiðina áður.
- Nú í desember er heilmikið um að vera tengt jólam, s.s. jólakorta- og skreytingadagur 3. des., jólate yngsta stigs 5. des., Lúsíuhátíð 6. bekkjar 11. des, danskt jólaþema á unglingastigi 12. des. o.fl.

Heimsóknir hafa verið nokkrar í skólann að undanfögnu, má þar nefna:

- Lögreglan heimsótti alla bekki með fræðslu.
- Netvís var með fyrirlestra um Börn og netmiðla fyrir nemendur á mið- og unglingastigi. Einnig var fræðslufundur fyrir foreldra. Yngsta stigið fékk ekki fræðslu að þessu sinni en mögulega síðar í vetur.

- Von er á Háskólalestinni í heimsókn í skólann í vor. Á dagskránni verða námskeið og smiðjur fyrir nemendur (stjörnufræði, náttúrufræði o.fl.). Boðið verður upp á smiðjur fyrir kennara. Einnig er gert ráð fyrir vísindahúsi, sem verður opið fyrir almenning (líklega tengt sæluviku).

Rætt var um húsnæði skólans og viðhald á því. Farið var yfir það helsta sem er á döfinni í viðhaldi:

- Snjóbræðsla á lóð að sunnan við íþróttahús (endurnýja frostlög og kistu).
- Múrviðgerðir að innan og málun á sárum við nýja glugga A-álm.
- Málun innandyra í A-álm (gangar og loft).
- Setja ný fatahólf í A-álm.
- Ljósakipti þar sem við á.
- Yfirfara neyðarlýsingu í skólanum.
- Úthurð A-álm hefur verið til umræðu undanfarið og til skoðunar hvort hægt sé að koma henni frammar á lista.

Í framhaldi af því var rætt um þörf á viðhaldi á Þekjunni, s.s. málning á veggjum og endurnýjun á sófum.

Næsti skólaráðsfundur er áætlaður 11. febrúar 2026.